

Ed.

344. Nefndarálit

[11. mál]

um frv. til l. um launajöfnunarbætur, bætur almannatrygginga og verðlagsmál.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Fráfarandi vinstri stjórn reyndi með mjög misjöfnum árangri undir forustu Framsóknarflokksins að hamla á móti verðbólgunni hér á landi. En eins og öllum er vel kunnugt tókst ekki betur en svo til, að hér á landi ríkti á 12 seinustu mánuðum hennar meiri verðbólga en í öllum öðrum löndum Evrópu og var mæld um 44%. Margt stuðlaði að þessari þróun, en þó langmest stjórnleysi á efnahagsmálum hér heima. Sett voru lög um viðnám gegn verðbólgu, en þau gerðu takmarkað gagn og sífellt gengissig og gengisfellingar eyddu jákvæðum ákvæðum áhrifum laganna.

Núverandi ríkisstjórn Sjálfstæðisflokksins og Framsóknar ákvað að setja nýja löggjöf, er tímabil áðurnefndra laga rynni út, og skyldi sú löggjöf tryggja nægjanlegt svigrúm, eins og það var orðað, fyrir ríkisstjórnina að móta nýja stefnu í efnahagsmálum þjóðarinnar, með fyrirheiti um að í árslok 1975 yrði verðbólga hér á landi um 15%. Á þeim tíma, sem liðinn er frá setningu bráðabirgðalaga í þessu skyni með bindingu á kaupgjaldsvísitölu til 1. júní 1975, bendir bókstaflega ekkert til þess að þessu marki verði náð. Þvert á móti mun seinasta gengisfelling og svo nú óþarfahækkun á söluskatti úr 19 í 20% valda vaxandi verðbólgu hér innanlands og skapa nýtt verðþenslutímabil. Varla líður sá dagur að ekki komi till kynning um margvíslegar verðhækkanir á brýnustu lífsnauðsynjum, er orsakast af gengisfellingunni. Landbúnaðarvörur voru hækkaðar um 12–20% 1. des. s. l. og væntanlegt er nýtt verð á þeim nú í marsbyrjun og mun sú hækkun verða veruleg, þar sem engin leið er að auka niðurgreiðslur, þvert á móti kann svo að reynast að þær verði verulega minni er á árið líður.

Þótt lögin geri ráð fyrir launauppbót hiá þeim, sem minnst hafa, er sú upphæð bundin við hámark, 3 500 kr. á mánuði. Þessi upphæð hverfur því sem dög fyrir sólu í verðbólguhálinu og láglaunafólkið er verr sett en áður og munu kjör þess ekki vera betri en á árinu 1971. Hér er því um umtalsverða kjararýrnum að ræða. Þessari kjaraskerðingarstefnu núverandi íhaldsstjórnar hefur verkalýðshreyfingin mjög ákveðið mótmælt.

Í 3. gr. frumvarpsins eru ákvæði um láglau nabætur til bænda. Vissulega munu margir bændur vel komnir að því að fá kjör sín bætt, en fullkomlega ósanngjarn er að verðleggja landbúnaðarvörur með þessu álagi í útsölu til neytenda og leggja svo söluskatt á láglau nabæturnar. Þessi vinnubrögð eru að mati undirritaðs með öllu óverjandi og hrein háðung fyrir bá er að þeim standa. Þetta sérálag gerir nú kr. 7.55 í verðmyndun kindakiðts við seinustu verðákvörðun, og svo er settur söluskattur til viðbótar er nemur kr. 1.43. Samtals verður þetta því kr. 8.98 í verðinu til neytenda. Með slíkri verðlagningu eru kjör láglaunafólksins beinlínis rýrð verulega. Ríkisstjórnin hefur hugsað sér að greiða þetta niður, en til þess þarf auðvitað auknar tekjur, sem afla verður með einu eða öðru móti. Talið er að heildarupphæð niðurgreiðslna muni nema um 3 600 milljónum króna á vfirstandandi ári, og auk þess gera fiárlög ráð fyrir uppbótum á útfluttar landbúnaðarafurðir um 720 millj. kr. Þrátt fyrir þetta heyrast nú raddir í þá átt, að hækka þurfi útflutningsuppbætur um 500–600 milljónir eða alls upp í um 1300 milljónir

króna á yfirstandandi ári. Þessari þróun vill undirritaður alvarlega mótmæla. Svo virðist, að öllum lögum megi breyta, er snerta kjör hins almenna launþega, en það er talin árás ef ýjað er að því að endurskoða lög um uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir. Allir sanngjarnir menn hljóta þó að sjá nauðsyn á því að taka til endurskoðunar löggjöfina um verðlagningu landbúnaðarvara og bætur á umframframleiðslu, sem flytja verður út úr landinu.

Forsvarsmenn launþegasamtakanna hafa undanfarnar vikur átt viðræður við hæstvirta ríkisstjórn um úrbætur í kjaramálum og þó fyrst og fremst leitast við að finna möguleika á bótum til þeirra, er lægri laun hafa en 60 000 kr. á mánuði. Ríkisstjórnin talar nú um að mæta nýjustu hækkunum vegna gengisfellingarinnar og hækkun á söluskatti með nýjum verðlagsuppbótum eða láglaunagreiðslum, og er talað um allt að 3 600 kr. á lægstu launaviðmiðun, á daglaunin. Þetta á að lögþjóða. En því miður hrekkur þetta alls ekki til á móti þeim hækkunum, sem orsakast af aðgerðum ríkisstjórnarinnar vegna gengisfellingar og hækkunar sölu-skatts.

Það er því staðreynd, að hvernig sem talsmenn ríkisstjórnarinnar reyna að setja þessar tölur sem hlutfall á laun og fá með því út sem hæsta prósentutölu, eru verk ráðherranna þau ein, að þeir taka meira frá þessu fólki en þeir stuðla að því að það fái til baka. Alþýðuflokkurinn mótnælir harðlega þessari lífskjara-stefnu ríkisstjórnarinnar. Við minnum enn einu sinni á hinn stóra hóp öryrkja og aldraðs fólks, er með engu móti getur bætt sér upp rýrnandi lífskjör og voru þau ekki of góð.

Alþýðuflokkurinn krefst þess að ríkisstjórnin komi fram með raunhæfar til-lögur til umræðna til þess að draga úr útgjöldum ríkissjóðs og fullt samstarf sé haft við stjórnarandstöðuna í þessum málum. Það er sýndarmennska ein að slá fram, að ríkisstjórnin ætli sér að draga úr ríkisútgjöldum allt að 3.5 milljörðum, án þess að byrja að ræða það við þingmenn eða samtök sveitarfélaga, og fullyrða á sama tíma að markmiðið sé óbreytt að full atvinna verði tryggð.

Alþingi, 28. febr. 1975.

Jón Árm. Héðinsson.